

Egilsstöðum 19. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur nýlega fengið til umsagnar tvö lagafrumvörp, frumvarp til laga um Lýðheilsustöð og breytingar á lækna- og lyfsölulögum.

Fjallað hefur verið um frumvörpin innan stofnunarinnar og óskar hún eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Heilbrigðisstofnun Austurlands telur það vera jákvætt að stjórnvöld vilji efla forvarnir til heilsubótar fyrir þegna landsins og gerir engar athugasemdir við efnislegt innihald frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 og læknalögum nr. 53/1988.

Heilbrigðisstofnun Austurlands skilur ástæðuna fyrir þörf á bættu eftirliti með ávísun ávana - og fíknilyfja, en veltir fyrir sér með hvaða hætti skilyrðum laga um persónuvernd verði fullnægt þar sem að um persónugreinanlegar upplýsingar er að ræða. Hvað varðar hinn gagnagrunninn sem á að hafa almennt eftirlit með lyfjaávísunum, lyfjanotkun og lyfjakostnaði virðist sem um samræmingu sé að ræða fyrir eftirlitsaðila þessa málaflokks og gerir engar athugasemdir við það.

Fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Austurlands,  
virðingarfyllst,

Stefán Þórninnsson  
lækningaforstjóri

